

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem fylgjast með.

Ég heiti Gylfi Karlsson og er fulltrúi nemenda Fjölbrautaskóla Vesturlands í ungmennaráði Akraness.

Menningarviðburðir er kannski ekki orðið sem kemur fyrst upp í hugann þegar við lítum til baka á sumarið 2020. Mér fynnst samt miðað við aðstæður og þegar allt kemur til alls að staðan hafi bara alls ekki verið svo slæm og að hlutirnir hafi verið tæklaðir vel. En í öll hin skiptin, þegar það er ekki heimsfaraldur í gangi þá hefur Akranesbær verið að standa sig ótrúlega vel í að halda uppi mannlífi og menningu í bænum, hinu og þessu til þess að höfða til sem flestra í bæjarfélaginu.

Ungmenni eru stór partur af samfélaginu okkar og þó svo að það sé erfitt að fá okkur til að mæta á viðburði sem er búið að skipuleggja handa okkur, þá er það kannski af því það höfðar ekki beint til okkar uungmennana. Þess vegna skorum við á bæjarstjórnunana leyfa okkur ungmennunum að hafa aðeins smá skoðun á því, vegna þess að við eigum það oft til að lenda á milli skips og bryggju þegar kemur að þessum viðburðum. Þessi aldurs hópur, unglíngadeildin og fyrstu 2 árin í framhaldsskóla hafa ítrekað verið að troða sér inn á viðburði sem er ekki ætlaður þeirra aldri.

Er ekki kjörið að mæta þeirri eftirspurn og sporna gegn drykkju og vímuefnanotkun ungmenna? Það myndi gera mikið að fá að minnsta kosti einn fulltrúa inn í þessar skipulagsnefndir þar sem hann sér hvað ungmennin vilja og getur miðlað því áfram til teymisins. Eða ef það svo skringilega vill til að það sé ekki hægt er hægt að bera dagskrá og viðburði undir ungmennaráð þar sem það gæti gefið skoðun sína og góð ráð.

Oftar en ekki eru þessir viðburðir haldnir á Akratorgi, menningar miðju okkar akurnesinga. Og eftir breytingar hefur það eflaust aldrei litið betur út.

Það eru þó nokkri hlutir mætti aðeins skoða.

Lang oftast þegar eitthvað stórt er um að vera á Akratorgi hafa götunum í kring verið lokað til þess að passa upp á öryggi allra sem sækja viðburðinn. En svo af og til eru minni viðburðir eða jafnvel engir skipulagðir viðburðir heldur bara gott veður og fólk að safnast saman. Þá á það til að vera talsverð umferð gangandi um Kirkjubraut, Skólabraut, Akursbraut og Suðurgötuna. Þess vegna legg ég til að svæði í kringum Akratorgið yrði lækkað úr 50km/klst niður í 30km/klst.

Ég legg til að þetta tiltekna svæði nái frá Kirkjubrautinni þar sem hún mætir Merkigerði að Skólabraut þar sem hún mætir Akursbraut, vegna mikillar umferðar gangandi yfir Kirkjubrautina og Skólabrautina. Sömuleiðis á Suðurgötuna frá Akursbraut að Mánabraut. Fyrst við erum að tala um Skólabrautina, þá finnst mér kjörið að fækka um 2-3 bílastæði þarna á horninu þar sem hún mætir Kirkjubrautinni og breikka það aðeins. Ég veit ekki hversu oft ég og fleiri höfum verið nokkra sentimetra frá því að klessa á annan bíl á horninu þar sem göturnar tvær mætast. Ég tel að þetta ásamt lækkun á hraða í kringum torgið muni bæta umferðar öryggi bæði akandi og gangandi vegfarenda mikið.

Það hefur örugglega ekki farið framhjá mörgum að laugarveginum í Reykjavík hefur verið breytt í göngugötu, ég er ekki að leggja til svoleiðis breytingu. En þegar honum var breytt var hann myndskreyttur fallega og held ég að það gæti set mjög fallegan svip á til dæmis Akursbrautina og torgið í heild sinni ef við myndum fá ungt og efnilegt fólk úr bæjarfélaginu til að mála eitt stykki listaverk á göturnar í kring.

Nú búum við á Íslandi og er það kannski ekki þekkt fyrir besta veðrið í heiminum, og hefur veðrið oft verið að setja strik í reikninginn á sumum viðburðum bæjarins. Og langar mig að leggja til tillögu, að slá upp yfirbyggðu sviði sem gæti hýst alla helstu viðburði sem fara fram á torginu. Ég sé fyrir mér að slá upp smá sviði á grasinu sem snýr í átt að höfninni, hinu megin við suðurgötuna. Sviðið gæti verið í líkindum við það sem Hafnarfjarðarbær er með fyrir jólaþorpið sitt og fleiri menningar viðburði nema okkar svið gæti verið með glerveggi í bakið til þess að það skerði ekki útsýnið út á höfnina og Faxaflóann.

Sviðið gæti minkað fyrirvaran á litlum skemmtilegum viðburðum sem þurfa ekki mikla fyrirhöfn og fjölgað möguleikunum á því hvað hægt sé að gera þegar kemur að menningarviðburðum.

*Að lokum fyrir hönd NFFA,  
þakka ég fyrir áheyrnina.  
Gylfi Karlsson.*